


árum. Aðeins skal þess getið, að hún hefur tekið upp nýsmíði á mörgum sviðum auk vandasamra viðgerða. Skál þar til nefna oliugeyma, járnhúsgögn, hjólbörur úr járn, lýsisvinnslutæki, síldar- og fiskimjölsverk-smiðjur, hraðfrystitæki, oliukyndingartæki, tannhjóla og miðflóttadælur, lofthitara, heyblásara, hraðabreyta, loftræstibúnað, snigildrif, vélknúin línuspil, þvottavélar og nú síðast, fyrir sýninguna 1952, fyrstu disel-vél, sem smíðuð hefur verið hér á landi.

Iðnrekstur í stærri stíl er ung atvinnugrein hér á landi, en hinar hröðu framfarir iðnframleiðslunnar á síðustu tveimur áratugum hafa þó fært sönnur á það, að iðnaðurinn er jafn mikilsverð atvinnugrein fyrir þjóðina og sjávarútvegur og landbúnaður, og Vélsmiðjan Héðinn er gott dæmi þess, hvað gera má úr litlu, þegar vel og viturlega er stjórnað og hvers virði gott iðnfyrirtæki er fyrir þjóðarheildina.

Helgi H. Eiríksson.

Fyrsta íslenska dieselvél.



X. Norræna iðnþingið

Tíunda Norræna Iðnþingið var haldið í Reykjavík 11.—13. ágúst s. l. og sóttu það eftirtaldir fulltrúar: Frá Danmörku: Rasmus Sørensen, formaður danska iðnsambandsins, varaformaður, Melchior Kjeldsen, og framkvæmdastjóri, Erik Hansen. Frá Finnlandi: Klaus V. Vartiiovaara, framkvæmdastjóri finnska sambandsins. Frá Noregi: Kaare Aass, formaður norska sambandsins, og framkvæmdastjóri þess, Einar Høstmark. Frá Svíþjóð: Hans Grundström, framkvæmdastjóri sænska sambandsins. Frá Íslandi: Stjórn Landssambands Iðnaðarmanna þeir: Helgi H. Eiríksson, Einar Gíslason, Guðm. H. Guðmundsson, Tómas Vigfússon og Guðjón Magnússon, og einnig þeir Emil Jónsson, Björn H. Jónsson og Indriði Helgason.

Forseti Norræna Iðnsambandsins, Helgi H. Eiríksson, skólastjóri, setti þingið og stýrði fundum þess. Við setningu þingsins fluttu ávörp þeir Björn Ólafsson, iðnaðarmálaráðherra og Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri, og árnúðu þeir þinginu heilla í störfum þess. Þingið sendi þjóðhöfðingjum allra Norðurlandanna skeyti með kveðjum og árnaðaróskum.

Þingið samþykkti verulegar breytingar á lögum sambandsins, er einkum miða að því að kveða nánar á um tilgang þess og færa störf þess í fastari skorður. Þá var og samþykkt að setja á stofn sérstaka skrifstofu fyrir sambandið í Kaupmannahöfn, og var Erik Hansen ráðinn til þess að veita henni forstöðu.

Rætt var um að koma á samnorrænum Iðnaðardegi, er helzt yrði haldinn árlega, en því voru þó af mörgum talin veruleg tormeiki. Samþykkt var að fela stjórn sambandsins að rannsaka, hvort eigi yrði unnt að halda slíkan Iðnaðardag á árinu 1953.

Þá var rætt um rétt norræna iðnaðarmanna til þess að stunda iðn sína hver í annars landi. Komu einkum fram raddir um það, að til þess að um slíkan gagnkvæman rétt gæti orðið að ræða, væri nauðsynlegt að vinna að því að samræma kröfur þær, er gerðar eru við sveinspróf í hinum einstöku löndum. Á því væru hins vegar verulegir örðugleikar, og myndi taka langan tíma að koma því í framkvæmd. Samþykkt var að beina því til hinna einstöku meðlimasamtaka að vinna að því, hvert í sínu landi, að þar yrðu eigi gerðar frekari kröfur til iðnaðarmanna frá hinum Norðurlöndunum, en til innlendra iðnaðarmanna, ef þeir vildu stunda þar iðnaðarvinnu.

Ennfremur var rætt um sérstakar hagskýrslur fyrir iðnaðinn, og voru þingfulltrúar á einu máli